

## Fundargerð XXI. aðalfundar Samorku.

XXI. aðalfundar Samorku var haldinn á Icelandair Hótel Natura Reykjavík, 19. febrúar 2016. Fundurinn hófst kl. 10.30.

### Dagskrá:

**10.00 Skráning**

**10.30 Aðalfundarstörf**

**Setning:** *Bjarni Bjarnason, formaður Samorku*

### Dagskrá aðalfundar :

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur ásamt skýrslu endurskoðanda
4. Fjárhagsáætlun
5. Tillögur um lagabreytingar
6. Tillögur kjörnefndar
7. Kjör stjórnar, stjórnarformanns og endurskoðanda
8. Kjör í kjörnefnd
9. Önnur mál

**11.45 Fundarslit**

**11.45 Hádegisverður fyrir fulltrúa á aðalfundi, Blómasal (Satt Restaurant)**

**13.00 Ársfundur Samorku, Víkingasal**

### Ávarp formanns

*Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur*

### Ávarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra

*Ragnheiður Elín Árnadóttir*

### Snjallmælar og snjöll raforkukerfi til framtíðar

*Jakob S. Friðriksson, viðskiptapróun, Orkuveitu Reykjavíkur*

### Orkuskipti í samgöngum – fjölþættur ávinningur

*Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs*

**14.30 Kaffiveitingar í fundarlok**

## Fundargerð:

**Setning:** Bjarni Bjarnason formaður Samorku setti fund kl.10.30 og bauð fundarmenn velkomna. Hann fór yfir helstu viðbuði ársins í starfi Samorku, en þar ber vissulega hæst endurskipulagning á starfsemi samtakanna, ráðning á tveimur nýjum starfsmönnum og flutningur skrifstofunnar í Hús atvinnulífsins að Borgartúni 35.

Ávarp formanns er birt í heild sinni í ársskýrslu Samorku og á heimasíðu samtakanna.

**1 Kjör fundarstjóra og fundarritara.** Formaður stjórnar lagði til að Finnur Beck yrði fundarstjóri og að Sigurður Ágústsson ritari fundarins. Tillögurnar samþykkti fundurinn einróma og þakkaði fundarstjóri traust það sem honum og ritara væri sýnt.

### 2 Skýrsla stjórnar

Gústaf A. Skúlason framkvæmdastjóri tók til máls og flutti ítarlega skýrslu um starfsemi samtakanna á liðnu starfsári. Skýrslan er hluti fundargagna sem dreift var á fundinum. Lýsti framkvæmdastjóri störfum skrifstofunnar og starfsemi í nýju húsnæði og aðkomu nýrra starfsmanna til samtakanna. Þá fór hann yfir helstu málefni sem komu til kasta samtakanna varðandi stjórnvöld. Fór hann yfir helstu verkefni sem unnið var í einstökum nefndum og vinnuhópum hjá fagsviðum Samorku.

### 3 Ársreikningar ásamt skýrslu endurskoðanda

Gústaf A Skúlason framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning Samorku fyrir árið 2015 og útskýrði hann. Niðurstöður rekstrarreiknings eru: Tekjuliður **kr. 80.086.283.-** Gjaldaliður **kr. 80.399.531.-** Tekjuafgangur ársins var því neikvæður um **kr. 313.248.-** Niðurstöður efnahagsreiknings eru þær, að eignir eru samtals **kr. 109.966.497.-** eigið fé **kr. 52.194.172.-** og skuldir **kr. 57.772.325.-** Handbært fé í árslok er **kr. 38.882.966.-** Gústaf vakti athygli á þeim mikla mismun sem er á tekjulið, miðað við fyrri ár, þetta stafar af breyttri innheimtu á félagsgöldum fyrir Samtök atvinnulífsins, sem Samorka hefur séð um á undanförunum árum, en SA innheimta nú sjálf þessi gjöld. Þetta hefur því ekki áhrif á rauntekjur Samorku. Þá skýrði hann liðinn um eignir, þar sem eru miklar breytingar frá fyrri ársreikningum, ástæðan er kaup á skrifstofuhúsnæði í Húsi atvinnulífsins. Kaupin fóru fram á árinu, þ.e. áður en sala á húsnæðinu við Suðurlandsbraut 47 hefur farið fram.

Ársreikningur samtakanna fyrir árið 2015 er endurskoðaður og áritaður af Helga Númasyni löggiltum endurskoðanda, ásamt öllum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra, þann 5. febrúar 2016. Með ársreikningi er lögð fram skýrsla stjórnar, árituð af stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra 4. febrúar 2016.

Engar athugasemdir voru gerðar við ársreikninginn á aðalfundinum og var hann samþykktur samhljóða.

### 4 Fjárhagsáætlun 2016

Gústaf A Skúlason framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og gat um helstu liði hennar og bar saman við niðurstöður ársreiknings fyrir árið 2015.

Tekjur ársins 2016 eru áætlaðar **134.023. þús.kr.** og gjöld **136.023. þús.kr.** Því gerir áætlunin ráð fyrir rekstartapi upp á **2,0 Mkr.** Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að tapið vísaði til þess að nýja vefsíðu bæri a.m.k. að hluta til að fjármagna af eigin fé samtakanna. Þá gerði hann grein fyrir hvernig innheimta félagsgjalda hefði tekið breytingum við breytta skipan hjá nokkrum félögum Samorku og fjölgun fyrirtækja innan samtakanna.

Fundarmenn gerðu ekki athugasemdir við fjárhagsáætlun og var hún samþykkt samhljóða.

## 5 Tillögur um lagabreytingar

Ekki lá fyrir fundinum nein tillaga um breytingar á lögum Samorku.

## 6 Tillögur kjörnefndar

Einar Mathiesen formaður kjörnefndar fór yfir lagalegar forsendur fyrir starfsemi kjörnefndar og lýsti yfir að aðalfundurinn væri löglegur.

Þá lagði hann fram eftirfarandi skýrslu kjörnefndarinnar:

### **Tillaga kjörnefndar til 21. aðalfundar Samorku, sem fram fer á Hótel Natura, 19. febrúar 2016**

Í 11. grein laga um Samorku segir: „Kjörnefnd skal kosin á aðalfundi og í hana einungis fulltrúar félaga kjörgengir. Starfstími hennar hefst er kjör hefur farið fram og lýkur er ný nefnd hefur verið kjörin, sbr. 6. gr. 10. tölulið“.

Um kjörnefnd segir í sömu grein: „Í kjörnefnd eiga sæti fimm menn og skal að minnsta kosti einn vera frá hverju fagsviði. Nefndin kannar hverjir sækja aðalfund og hverjir hafa atkvæðisrétt og gefur um það skýrslu til fundarins. Nefndin gerir tillögur til fundarins um kjör til stjórnar og kosningu endurskoðanda“.

Athygli er vakin á því að á aukaaðalfundi Samorku þann 16. október sl. var samþykkt tillaga stjórnar um breytingum á lögum Samorku. Var m.a. gerð breyting á 12. gr. laganna sem fjallar um stjórn og nefndir. Nú eiga félög sem greiða yfir 15% af heildarárgjöldum rétt á að tilnefna einn stjórnarmann, auk sérstaks varamanns. Ennfremur skal tryggja að a.m.k. einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn komi úr hópi þeirra félaga sem greiða innan við 1% af heildar árgjöldum Samorku.

Um boðun aðalfundar gildir ákvæði 7. gr. laganna en þar segir: „Aðalfund skal boða með bréfi eða símskeyti með minnst eins mánaðar fyrirvara“. Í fundarboði skal greina frá dagskrá fundar í meginatriðum. Stjórn ákveður hvar aðalfundur skuli haldinn og hvenær, sbr. þó 6. gr. varðandi tímamörk“ en þar segir að aðalfundi skuli halda fyrir 15. mars ár hvert.

Fundarboð fundarins er dagsett **14. janúar 2016** og er því löglega til hans boðað.

Skrifstofu Samorku hafa ekki borist athugasemdir við fundarboðun.

Kjörnefnd hefur kannað kjörgögn fundarins. Heildarfjöldi atkvæða félaga er 131.

Á fundinum eru mættir **21** atkvæðabærir fulltrúar, sem fara með atkvæði, sem nemur **91,66%** af heildar atkvæðafjölda.

Í fundargerð 20. aðalfundar Samorku, sem haldinn var 20. febrúar 2015 kemur fram að í stjórn samtakanna eru nú eftirfarandi einstaklingar:

**Formaður stjórnar****Kjörtímabil:***Bjarni Bjarnason**til aðalfundar 2017***Meðstjórnendur****Kjörtímabil:***Hörður Arnarson**til aðalfundar 2017**Júlíus Jónsson**til aðalfundar 2017**Tryggvi Þór Haraldsson**til aðalfundar 2017**Guðrún Erla Jónsdóttir**til aðalfundar 2016**Kristján Haraldsson**til aðalfundar 2016**Guðmundur Ingi Ásmundsson**til aðalfundar 2016***Varamenn****Kjörtímabil:***Dagur Jónsson**til aðalfundar 2017**Guðmundur Davíðsson**til aðalfundar 2017**Helgi Jóhannesson**til aðalfundar 2016****Kjörtímabil eftirtalinna stjórnarmanna og varamanns er nú útrunnið:***

*Aðalmenn: Guðrún Erla Jónsdóttir, Kristján Haraldsson og Guðmundur Ingi Ásmundsson.*

*Varamaður: Helgi Jóhannesson.*

*Kjörnefnd fundaði þrisvar en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um kjör stjórnar og því er engin tillaga lögð fram að þessu sinni.*

*Reykjavík, 19. febrúar 2016*

*Einar Mathiesen, formaður*

*Albert Albertsson*

*Elín Smáradóttir*

*Pétur E. Þórðarson*

*Guðmundur F. Baldursson*

Eftir að formaður kjörnefndar hafði farið yfir skýrslu nefndarinnar var orðið gefið frjálst og tóku eftirfarandi fundarmenn til máls:

Bjarni Bjarnason formaður stjórnar Samorku

Hörður Arnarson stjórnarmaður

Tryggvi Þór Haraldsson stjórnarmaður

Guðmundur Ingi Ásmundsson stjórnarmaður

Júlíus J Jónsson stjórnarmaður

Ásgeir Margeirsson forstj. HS Orku.

Eftir að ofanritaðir höfðu tjáð sig um þá stöðu sem upp var komin, það er, að kjörnefnd komst ekki að sameiginlegri tillögu um stjórnarkjör, þá lagði nefndin fram eftirfarandi frestunartillögu:

*Aðalfundur Samorku samþykkir að breyta dagskrá fundarins og fresta afgreiðslu liða 7, 8 og 9 um tillögu kjörnefndar, kjör stjórnar, stjórnarformanns og endurskoðanda auk kjörs kjörnefndar til framhaldsaðalfundar sem fram fari innan átta vikna. Stjórn er falið að boða síðar til fundarins með skriflegum hætti til félaga með að lágmarki 7 daga fyrirvara.*

Fundarstjóri bar nú upp tillöguna og var hún samþykkt án mótakvæða.

**7 Kjör stjórnar, stjórnarformanns og endurskoðanda.** Dagskrárlið frestað til framhaldsaðalfundar, sjá samþykkt undir dagskrárlið 6.

**8 Kjör í kjörnefnd.** Dagskrárlið frestað til framhaldsaðalfundar, sjá samþykkt undir dagskrárlið 6.

## 9. Önnur mál:

- A. **Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga að ályktun, lögð fram af stjórn Samorku:**

### ***Ályktun aðalfundar Samorku, 19. febrúar 2016:***

#### **Mikil tækifæri á sviði orkuskipta í samgöngum**

Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda er eitt af helstu viðfangsefnum mannkyns í dag. Víðast hvar snýst það verkefni öðru fremur um að draga úr brennslu jarðefnaeldsneyta á borð við kol og olíu – sem stærstur hluti losunar er rakinn til á heimsvísu – og skipta yfir í notkun endurnýjanlegra orkugjafa á borð við vatnsafl, jarðhita og vindorku. Íslenskt orkukerfi er einstakt að því leyti til að hérlendis byggir nær öll raforkunotkun og húshitun á endurnýjanlegum orkugjöfum. Enn eru þó veruleg tækifæri til að gera betur í þessum efnum, einkum með orkuskiptum í samgöngum, en frá samgöngum innanlands stafa 19% allrar losunar hérlendis. Íslensk orku- og veitufyrirtæki binda miklar vonir við orkuskipti í

samgöngum og munu leggja sitt af mörkum til þess að raunverulegur árangur geti náðst á þessu sviði, ekki síst á grunni öflugs framleiðslu- og flutningskerfi raforku.

## **Snjöll framtíð?**

Snjallkerfi (e. smart systems) er yfirheiti yfir spennandi þróun sem nýtir stafræna tækni til þess meðal annars að auka við valkosti neytenda, bæta rekstur veitukerfa og bæta orkunýtingu. Veruleg tækifæri eru framundan í krafti þessarar þróunar en evrópskt regluverk kveður á um skoðun á innleiðingu svokallaðra snjallmæla. Kæmi til slíkrar innleiðingar gæti hún falið í sér allt að átta milljarða króna kostnað á Íslandi einu. Að mati Samorku er afar mikilvægt að vel sé fylgst með þessari þróun og tækifærin nýtt, en jafnframt að ekki sé stofnað til óþarfa kostnaðar, svo milljörðum skipti, án þess að ítarleg ábata- og kostnaðargreining hafi áður farið fram. Á vettvangi Samorku er unnið að slíkri greiningu.

**Ofanrituð ályktun í tveimur liðum lá frammi á fundinum og var borin upp til samþykktar. Var hún samþykkt samhljóða og send út til kynningar.**

**Hér var komið að fundarlokum og sleit formaður formlegum aðalfundi klukkan 12:00.**

**Að loknum hádegisverði hófst opin dagskrá aðalfundarins.**

### **Dagskrá opins fundar:**

**13.00 Ársfundur hefst, í Víkingasal hótelsins: *Snjallara orkukerfi ?***

**Fundarstjóri:** Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri, Orkuveitu Reykjavíkur

#### **Ávarp formanns**

*Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur*

#### **Ávarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra**

Ragnheiður Elín Árnadóttir

#### **Snjallmælar og snjöll raforkukerfi til framtíðar**

*Jakob S. Friðriksson, viðskiptaþróun, Orkuveitu Reykjavíkur*

#### **Orkuskipti í samgöngum – fjölþættur ávinningur**

*Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs*

**14:30 Kaffiveitingar í fundarlok**

## **Opin dagskrá aðalfundar Samorku:**

**Bjarni Bjarnason** formaður stjórnar Samorku setti fund og bauð gesti velkomna.

**Ragnheiður Elín Árnadóttir** iðnaðar- og viðskiptaráðherra flutti ávarp og kom víða við varðandi orkumálin. Fór hún vítt yfir og ræddi þau mál sem efst eru á baugi um þessar mundir og eru á borði ráðherrans.

**Jakob S. Friðriksson**, Orkuveitu Reykjavíkur flutti erindi um snjallmæla og snjallvæðingu orkukerfisins. Lýsti hann hinni nýju snjallkerfavæðingu sem nú er að riðja sér til rúms í þróðustu orkukerfum heimsins, ekki síst í nágrannalöndum okkar. Það kom fram í erindinu, að starfsmenn íslenskra orkuiðnaðarins fylgjast vel með þróun þessarar tækni og að fyrirtækin hafi í raun byrjað að feta sig inn á þessa braut. Nefndi hann Orkubú Vestfjarða og RARIK, en bæði fyrirtækin hafa hafið uppsetningu á fjarálesanlegum orkumælum, sem líta má á sem fyrsta skref snjallkerfisvæðingar.

**Sigurður Ingi Friðriksson**, Orkusetri, flutti erindi um rafbílavæðinguna og orkuskipti í samgöngum á Íslandi. Tengdi hann þessi verkefni við orkusparnað heimila og fyrirtækja, ásamt framlagi Íslands í baráttunni gegn vaxand gróðurhúsaáhrifum.

Nánar er hægt að kynna sér efni erinda á vef Samorku, með öðrum aðalfundargögnum.

Að loknum þessum fjölmenna fundi, sem hátt á annað hundrað manns sótti, voru bornar fram kaffiveitingar.

**Fundargerð ritaði:**  
**Sigurður Ágústsson.**  
**Samorku**